

Mál nr. 77/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 6. mars 2025, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að um klukkan 8:30 hinn 13. janúar 2025 hafi A ekið bifreið í eigu fyrirtækisins M ofan í holu sem staðsett var á Korpúlfsstaðavegi í átt að Vesturlandsvegi. Við það sprungu tveir hjólbarðar á bifreiðinni. Á svipuðum tíma hafi fleiri bifreiðar einnig sprengt hjólbarða eftir að þeim var ekið ofan í sömu holu. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað á þeim grundvelli að X hafi ekki vanrækt skyldur sínar umrætt sinn þar sem það vissi ekki af holunni þegar tjónið gerðist.

M telur að X hafi vanrækt eftirlit á veginum og hafi ekki tryggt næga lýsingu á honum. Vísar M til ákvæða vegalaga nr. 80/2007 þar sem fjallað er um skyldur veghaldara máli sínu til stuðnings. Sú skemmd sem var á veginum hafi ekki orðið til á einni nóttu, heldur sé um að ræða niðurbrot sem verði til á löngum tíma. Sú vá sem fyrir dyrum var þennan dag hafi þannig verið fyrirsjáanleg og þess eðlis að veghaldari átti að bæta úr löngu áður eða koma fyrir viðvörunum. Auk þess nefnir M að enginn vissi að vegur þessi tilheyrði sveitarfélaginu X og því megi leiða lyktir af því að einhverjar tilkynningar hafi borist til Reykjavíkur í stað X.

Í svarbréfi V til nefndarinnar kemur fram að X hafi fengið fyrstu ábendingu um holuna þennan dag kl. 11:11. Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins hafi strax brugðist við ábendingunni og farið með umferðarkeilu á svæðið og fyllt í holuna í kjölfarið. Viðgerð hafi verið lokið þann sama dag milli klukkan 11:30 og 12:00. Ljóst sé því að starfsmenn X hafi brugðist skjótt við og löguðu holuna á innan við klukkutíma eftir að tilkynning barst um hana. Í málinu liggi ekkert fyrir um að starfsmenn X hafi vanrækt viðhald á veginum, en hola eins og þessi geti myndast tiltölulega hratt við ákveðnar aðstæður. Ekki sé hægt að gera þá ósanngjörnu kröfu til sveitarfélagsins að það fylgist svo grannt með öllum vegum þess að það fylli strax upp í allar holur sem myndast á vegum. Hafnar V því að X hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt vegalögum umrætt sinn.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M fyrri rökstuðning og segir X og önnur sveitarfélög ekki sanngjörn í kröfum sínum um að borgarar sjái um gæslu á vegum. Þá sé einnig ósanngjarn að engar merkingar voru á veginum sem upplýsa vegfarendur um að þeir séu komnir inn í bæjarland X.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé haldið við með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þá skal veghaldari, svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Við mat á bótaskyldu samkvæmt þessari bótareglu ber sá sem krefst bóta sönnunarbyrði um að tjón megi rekja til gáleysis veghaldara. Í því felst að leggja þarf fram gögn sem sýna fram á að viðhald eða merkingar vegar hafi verið ábótavant.

Í þessu tilviki liggjá ekki fyrir upplýsingar sem benda til þess að starfsmenn X hafi vitað af holunni án þess að bregðast þegar í stað við. Með vísan til framangreinds verður talið að M verði að bera hallann

af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir